

Ed. 485. Frumvarp til laga [237. mál]
um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Aukaframlag skal veita þeim sveitarfélögum, sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna eða óhjákvæmilegra útgjalda.

Ennfremur er heimilt að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna laga nr. 94 30. desember 1975.

Skilyrði þess, að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar er:

- a. að sveitarfélag hafi lagt á fullt útsvar samkvæmt 25. gr.,
- b. að sveitarfélag hafi innheimt fasteignaskatt með álagi skv. 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess sbr. þó 13. gr. laga nr. 11.1975.

c. að sveitarfélag hafi fyrir 1. október sent umsókn um aukaframlag til félagsmálaráðuneytisins, og láti fylgja umsókn nauðsynleg gögn um þörf aukaframlags, s.s. ársreikninga næstliðins árs, fjárhagsáætlun líðandi árs, greinargerð um nýtingu tekjustofna og nauðsyn aukaframlags.

Heimilt er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. þessarar greinar, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum skv. staflíðum a—c hér að framan.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið getur krafist sveitarfélags, sem sótt hefur um aukaframlag, um frekari gögn og upplýsingar en greinir í c—líð.

Við ákvörðun aukaframlaga til einstakra sveitarfélaga skal hafa hliðsjón af því, hverjar tekjur eru af einstökum tekjustofnum í hlutaðeigandi landshluta og landinu í heild á íbúa á því ári, sem framlag er veitt.

Til að mæta útgjöldum samkvæmt þessari grein, má verja 6% af tekjum sjóðsins, svo og vaxtatekjum sjóðsins og því fé, sem ekki kemur til úthlutunar samkvæmt 2. mgr. 13. gr.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e—líð 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí. Framlagið skal vera helmingur meðalútsvars á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nauðsynlegt er talið, að breyta 15. gr. gildandi tekjustofnlaga nr. 8/1972, sem fjallar um veitingu aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga, og 16. gr. þeirra, sem fjallar um veitingu svonefnds fólksfækkunarframlags úr sama sjóði til sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Helsta nýmæli í þessari grein, sem varðar veitingu aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði, er, að samkv. 2. mgr. hennar er heimilað að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna ákvæða laga nr. 94 30. desember 1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Þetta ákvæði er sett inn í lögina í samræmi við yfirlýsingu félagsmálaráðherra, er hann gaf þar um á fundi í neðri deild Alþingis hinn 19. desember 1975.

Skilyrði þess að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar, er einnig að það hafi innheimt fasteignaskatt með álagi samkvæmt 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess, sbr. þó 13. gr. laga nr. 11/1975, en þar segir, að í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli sé sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr. Samkvæmt þessu yrði það ekki gert að skilyrði fyrir veitingu aukaframlags, að fasteignaskattur í dreifbýli yrði innheimtur með álagi.

Dá skal sveitarfélag einnig fyrir 1. október ár hvert hafa sent félagsmálaráðuneytinu umsókn sína um aukaframlag, og er það tímamark sett bæði til að skapa aðhald hjá þeim sveitarfélögum, sem sækja um aukaframlag, og einnig og ekki síður til að tryggja ráðuneytinu nauðsynlegt svigrúm til að kanna gögn þau, sem skulu fylgja umsóknunum.

Það er einnig nýmæli í þessari grein, að heimilað er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. hennar, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum skv. stafliðum a—c.

Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa slíka heimild í lögnum. Aðstæður geta sakpast fyrirvaralaust í sveitarfélögum, sem gera tafarlausa greiðslu aukaframlags nauðsynlega og sjálfsagða, og nægir í því sambandi að nefna tjónin af snjóflóðunum í Norðfirði í desember 1974 og af jarðskjálftunum á Kópaskeri í janúar 1976, en í þeim tilfellum báðum var hlutaðeigandi sveitarfélögum veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði þegar í stað.

Dá er það nýmæli í þessari grein, að félagsmálaráðuneytið skal afla umsagnar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en það ákveður aukaframlög til einstakra sveitarfélaga, og verður að telja öflun slíkrar umsagnar eðlilega og sjálfsagð.

Dá er það loks nýmæli, að í þessari grein er gert ráð fyrir að auka megi fé það, sem nota má til veitingar aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði frá því sem er í gildandi tekjustofnalögum, en þar segir m.a. að draga skuli frá úthlutanarfé 5% af tekjum Jöfnunarsjóðs til að mæta aukaframlagsútgjöldum, en í grein þessari er m.a. gert ráð fyrir að til þess að mæta útgjöldum skv. henni megi verja 6% af tekjum Jöfnunarsjóðs. Aukningu þessa á fé til aukaframlaga má telja nauðsynlega m.a. með tilliti til aukinna greiðslukvaða sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Um 2. gr.

Fólksfækkunarframlag er nú miðað við landsmeðaltal útsvara á íbúa. Þar eð fólksfækkun er fyrst og fremst í fámennum strjálbýlishreppum, þar sem tekjur eru lágar og útsvarsstigi yfirleitt lágur, hefur reynslan sýnt, að fólksfækkunarframlög eru miklu hærri á íbúa en útsvör í hlutaðeigandi sveitarfélagi, í flestum tilvikum meira en tvöfalt hærri. Nefna má tvö dæmi úr skýrslum ársins 1975:

Hreppur A, A-Barðastrandarsýslu:

Útsvar 2%.

Álögð útsvör kr. 156 400.

Íbúafjöldi 22.

Framlag úr Jöfnunarsjóði	kr.	93 840
Fólksfækkunarframlag	—	108 159
Fólksfækkunarframlag pr. íbúa, sem fækkað hefur um	—	36 053
Útsvarstekjur hreppsins pr. íbúa	—	7 109

Fólksfækkun milli ára 1973 og 1974: 3.

Hreppur B, Rangárvallasýslu:

Útsvar 9%.

Álögð útsvör kr. 6 146 100.

Íbúafjöldi 287.

Framlag úr Jöfnunarsjóði	kr.	1 980 300
Fólksfækkunarframlag	—	648 954
Fólksfækkunarframlag pr. íbúa, sem fækkað hefur um	—	36 053
Útsvarstekjur hreppsins pr. íbúa	—	21 414

Fólksfækkun milli ára 1973 og 1974: 18.